



Grein birt 31. desember 2010

Eygló Björnsdóttir og Stefán Bergmann

Menntun til sjálfbærni og samstarf skóla og samfélags Reynsla af þremur verkefnum skóla

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst áratuginn 2005–2014 sem áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar. Í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins hafa verið skilgreindir fimm grunnþættir menntunar og er menntun til sjálfbærni einn af þeim. Veturinn 2008–2009 unnu átta skólar þróunarverkefni um menntun til sjálfbærni í samstarfi við rannsóknarhópinn GETU við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Lýsing á verkefnunum hefur verið birt í skýrslu GETU sem ber heitið *Menntun til sjálfbærrar þróunar: Af reynslu átta íslenskra skóla 2008–2009*. Í þessari grein eru kynnt verkefni þriggja þessara skóla og athuguð sérstaklega reynsla þeirra af því að tengjast nærsamfélagi sínu við að byggja upp menntun til sjálfbærni. Reynsla þeirra bendir til að víða liggi tækifæri til slíks samstarfs og að stofnanir nærsamfélagsins séu jákvæðar fyrir slíku samstarfi.

Eygló Björnsdóttir er lektor við Háskólann á Akureyri og Stefán Bergmann er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Education for Sustainable Development through cooperation between schools and local communities: Experiences from three school projects

The United Nations declared the decade 2005-2014 as the Decade of Education for Sustainable Development. The Ministry of Education, Science and Culture in Iceland has identified five core ideas in their policy on education and education for sustainability is one of them. During the school year 2008-2009 eight schools worked on development projects in cooperation with the GETA research group, based at the University of Iceland and the University of Akureyri. Descriptions of these projects have been published in a GETA report (in Icelandic) entitled: *Education for sustainable development: the experience of eight Icelandic schools 2008-2009*. In this article we introduce the projects carried out in three of the schools and in particular we consider their experience of developing education for sustainable development through connections with the local community. Their experience shows that there are many opportunities for cooperation and that organisations in the local community are positive toward such cooperation.

Inngangur

Veturinn 2008–2009 vann rannsóknarhópurinn *GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða* í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri (hér eftir kallaður GETU-hópurinn) [\[1\]](#)

þróunarstarf með fjórum grunnskólum og fjórum leikskólum. Markmiðið var að finna leiðir fyrir skólana til að þróa starf sitt í átt að menntun til sjálfbærni. Spurt var: Hvers konar menntun og skólastarf vísar veginn að sjálfbærni?

Hugtakið menntun til sjálfbærni verður ekki skilgreint í eitt skipti fyrir öll. Það tekur mið af viðfangsefnum hvers samfélags sem gerir sjálfbærni að leiðarljósi í skólastarfi og almenningsmenntun (UNESCO, e.d.). Í skýrslu GETU-hópsins *Andi sjálfbærrar þróunar í námskrám og menntastefnu – náum honum til jarðar* (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson o.fl., 2008) er mótun hugtaksins menntun til sjálfbærni rædd. Hugtakið byggir á öllum þremur stoðum sjálfbærrar þróunar sem eru efnahagsþróun, verndun umhverfis og félagsleg velferð og jöfnuður (sjá t.d. Umhverfiráðuneytið, 2002, 2007; sjá einnig UNESCO, e.d.). Sjálfbær þróun hvílir á samstilltri þróun stoðanna þriggja. Menntun til sjálfbærni varðar þekkingu og ákveðna sýn á menntun þar sem lögð er áhersla á styrk, færni og getu nemenda til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og til að takast á við viðfangsefni er stuðla að sjálfbærri þróun.

GETU-hópurinn útbjó einnig greiningarlykil fyrir menntun til sjálfbærni sem tekur til sjö meginþátta og er til þess gerður að greina áherslur varðandi sjálfbærni í stefnumarkandi skjölum og námskrám. Þættir lykilsins eru sjö:

1. Gildi, viðhorf og tilfinningar gagnvart náttúru og umhverfi.
2. Skynsamleg nýting náttúrunnar.
3. Velferð og lýðheilsa.
4. Lýðræði og geta til aðgerða.
5. Jafnrétti og fjölmening.
6. Alþjóðavitund/alheimsvitund
7. Efnahagsþróun og framtíðarsýn.

GETU-hópurinn auglýsti eftir skólum til að starfa með að verkefninu og voru þeir valdir úr hópi þeirra sem áhuga sýndu. Frumkvæði og ákvarðanir varðandi þróunarverkefni voru í höndum starfsmanna skólanna enda er þróunarstarf í skólum mun líklegra til að skila árangri ef kveikjan og hugmyndirnar spretta upp innan skólasamfélagsins (Fullan, 2001). Hver skóli hafði einn til tvo skólaráðgjafa úr GETU-hópnum sem funduðu allt að mánaðarlega með skólunum. Í hverjum skóla var myndaður ábyrgðar- og stýrihópur og var skipan þeirra með ólíkum hætti. Hlutverk þeirra var að leiða mótun og framkvæmd þróunarverkefnanna og kynna þau öðru starfsfólki og samstarfsaðilum. Sjá nánar í verkefnalýsingum hér að neðan.

Námskeið fyrir kennarana voru haldin yfir tímabilið í tengslum við verkefnavinnuna. Þar gafst tækifæri til að ræða lykilhugtök og hugmyndir um menntun til sjálfbærni og reyndist kennurunum mikilvægur stuðningur og hvatning til frekari umræðu. Jafningjafundur með miðlun reynslu og hugmynda reyndist gagnleg leið sem kennararnir töldu sig græða mikið á. Þróunarverkefni skólanna fengu ýmis yfirheiti eins og sjá má í *Töflu 1* sem gefa að nokkru til kynna fjölbreytileika þeirra.

Innan heildarverkefnanna voru unnin mismörg smærri verkefni í hverjum skóla. Algengast var að þau væru 5–7 og samtals urðu þetta því á fimmta tug verkefna í skólunum átta (Sjá einnig Stefán Bergmann o.fl., 2010).

Höfundar þessarar greinar voru ráðgjafar þriggja þessara skóla og heimsóttu þá til samráðs sem næst mánaðarlega. Þeir tóku þátt í umræðum með ábyrgðarhópum innan skólanna og kynntu hugmyndir, skráðu upplýsingar um framgang vinnunnar, tóku við gögnum sem til urðu, s.s. kennsluáætlunum, verkefnalýsingum, dæmum um afurðir skólavinnunnar, áfangamati og skýrslum um verkefnið og voru viðstaddir atburði sem efnt var til.

Tafla 1 – Þátttökuskólar og verkefni þeirra.	
Varmárskóli í Mosfellsbæ	Bærinn okkar – betri bær og allir með
Síðuskóli á Akureyri	Skóli fyrir framtíðina – grænt áfram
Þjósárskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Á bökkum Þjósár
Krókur í Grindavík	Rósemd og umhyggja
Tjarnarsel í Reykjanesbæ	Vettvangsferðir í nýju ljósi
Álftanesskóli, Holtakot og Krakkakot á Álftanesi	Frá gráma til gleði (sameiginlegt verkefni)

Unnið var að mestu hefðbundið þróunarstarf sem einkenndist af samráði, áfanga- og lokamati starfsmanna skólanna og nýjum ákvörðunum í kjölfarið.

Þau þrjú verkefni sem eru til skoðunar í þessari grein gefa sérstakt tilefni til að fjalla um tengsl skólanna við nærsamfélag sitt, í hverju það fólst og hverju það skilaði. Greining á þessu er því eitt aðalviðfangsefni þessarar greinar og getur gert umræðuna um menntun til sjálfbærni í íslensku samfélagi efnismeiri. Tengslin við samfélagið eru að margra mati eitt megineinkenni á heildstæðri nálgun að menntun til sjálfbærni. Í heildstæðri nálgun felst hvernig staðið er að námi og kennslu, stefnumótun og stjórnun skóla og mótun skólabrags og loks hvernig tengsl eru mynduð við nærsamfélagið og almennt út fyrir vegg skólans.

Viðmið um menntun til sjálfbærni

Evrópska samstarfsnetið School Development through Environmental Education (SEED) gaf út ritið *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar: Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar þróunar* (Breiting, Mayer og Mogensen, 2005/2008). Höfundar kynna ritið sem tillögur að viðmiðum. Gæðaviðmiðunum skipta þeir í þrjú meginflokkka; *Nám og kennslu, Skipulag og skólastefnu og Tengsl út á við* eins og sjá má í *Töflu 2*. Þau veita yfirsýn um flókinn veruleika skóla sem stefnir að menntun til sjálfbærni og hvert sé hægt að líta við mótun hennar. Viðmiðin eru fram sett og hugsuð til að hjálpa skólasamfélaginu að ræða og móta sín eigin viðmið og hugsanlega kalla foreldra og fleiri úr nærsamfélaginu til samræðunnar. Gæðaviðmið SEED eru dæmi um heildstæða nálgun og sýn á menntun til sjálfbærni þar sem lögð er áhersla á nám og kennslu en einnig skólasterfið í heild og samskipti skóla við grenndarsamfélag sitt.

Nýleg skýrsla um menntun til sjálfbærni í tíu löndum sýnir að farnar eru ólíkar leiðir að menntun til sjálfbærni, ýmist heildstæðar eins og gæðaviðmið SEED gera ráð fyrir eða þrjú leiðir þar sem stofnað er til sérstakra námskeiða eða einstakar námsgreinar virkjaðar. Skýrslan var kynnt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009 og nefnist *Climate change and sustainable development. The response from education. A cross-national report from international Alliance of Leading Education Institutes* (Læsse, Schnack, Breiting og Rolls, 2009).

Í skýrslu GETU-hópsins um verkefni skólanna (Stefán Bergmann o.fl. 2010) voru verkefni þeirra lagð saman við þessa töflu viðmiða sem hér var kynnt til að leiða í ljós hvar áherslur þeirra lágu í viðleitni þeirra til að styrkja menntun til sjálfbærni. Þetta er ekki gert með jafn skýrum hætti í lýsingum verkefnanna þriggja sem hér er fjallað um. Þau bera þó merki heildstæðrar nálgunar þar sem áhersla á tengsl við nærsamfélagið er virkur þáttur ásamt

Tafla 2 – Gæðaviðmið fyrir skóla um menntun til sjálfbærni.	
Gæði náms og kennslu	
1.	Viðmið um hvernig skólar nálgast nám og kennslu
2.	Viðmið um sýnilegar breytingar á skóla- og grenndarsamfélagi
3.	Viðmið um framtíðarmöguleika
4.	Viðmið um skilning á menningu hins flókna og á samhengi hlutanna
5.	Viðmið um gagnrýna hugsun og tungumál möguleikanna
6.	Viðmið um gildismat og þróun þess
7.	Viðmið um aðgerðamiðaða kennslu
8.	Viðmið um þátttöku og lýðræði
9.	Viðmið um faglegt inntak
Gæði skipulags og skólastefnu	
10.	Viðmið um skólastefnu um menntun til sjálfbærrar þróunar
11.	Viðmið um skólabrag
12.	Viðmið um stjórnun skólastarfs
13.	Viðmið um mat á þátttöku skóla í menntun til sjálfbærrar þróunar
Gæði tengsla út á við	
14.	Viðmið um samstarf við grenndarsamfélagið
15.	Viðmið um samstarfsnet

Taflan er aðlöguð úr *Gæðaviðmiðum skóla* (Breiting o.fl., 2005/2008, sjá Stefán Bergmann o.fl., 2010).

stefnumótun, skipulagi og stjórnun og nálgun að námi og kennslu. Hvað gerist í framhaldinu í skólunum veltur á því „hve fær skólinn er til að höndla reynslu, samvinnu, ígrundun og endurnýjun“, svo vitnað sé til orða höfundar ritsins um gæðaviðmiðin sem hér hafa verið kynnt.

Verkefni leik- og grunnskóla

Hér verður lýst verkefnum og þátttöku tveggja grunnskóla og eins leikskóla í GETU-rannsóknarverkefninu. Gefin er innsýn í viðfangsefni þeirra og þróunarstarf með sérstakri áherslu á tengsl við samfélagið (sjá einnig Stefán Bergmann o.fl, 2010). Höfundarnir voru ráðgjafar GETU-hópsins í þessum þremur skólum.

Síðuskóli

Skólamenning Síðuskóla byggir mikið á umhverfismennt og umhverfismál hafa lengi verið ofarlega á baugi í skólanum. Skólinn fékk t.d. afhentan grænfána Landverndar í þriðja skiptið vorið 2010. Síðuskóli sótti um styrk í Þróunarsjóð grunnskóla vorið 2008 til að vinna að verkefninu *Skóli fyrir framtíðina – grænt áfram* og gekk jafnframt til liðs við GETU-hópinn.

Markmið verkefnisins var að efla enn frekar umhverfismennt í skólanum með því að þróa kennsluhætti og aðferðir þar sem nám nemenda taki meira mið af sjálfbærri þróun. Þannig var byggt á fenginni reynslu og unnið með eldri verkefni sem skólinn hefur fengið við og þau víkkuð þannig að þau tengdust betur hinum þrem meginstoðum sjálfbærrar þróunar sem eru: Vernd umhverfisins, efnahagsvöxtur og félagsleg velferð og jöfnuður

(Umhverfisráðuneytið, 2002, 2007). Leitað var leiða til að skólinn gæti tekið þátt í að leysa samfélagsleg úrlausnarefni í því augnamiði að nemendur þjálfuðust í að hugsa hnattrænt en framkvæma staðbundið.



Mynd 1 – Síðuskóli tekur við grænfána Landverndar í þriðja sinn vorið 2010.

Heildarverkefni Síðuskóla skiptist í eftirtalin undirverkefni: *Göngum í skólann*, *Fræðslusýningin Sjálfbær þróun á heimsvísu*, *Sáttnáli Jarðar*, *Ástarsaga úr fjöllumum*, *Fuglaverkefni*, *Verkefni um erfðabreyttar lífverur og matvæli*, *Endurnýting á fötum* og *Umhverfisvæn – gerum vel*. Ábyrgðarhópur verkefnisins í Síðuskóla var skipaður skólástjóra, verkefnisstjóra og fjórum öðrum kennurum af ólíkum aldursstigum.

Sumum kennurunum þótti erfitt að ná utan um verkefnið í byrjun og reyndin varð sú að ekki tóku allir bekkir skólans þátt í verkefninu. Verkefnið víkkaði engu að síður sjóndeildarhring þeirra sem þátt tóku og auðveldaði kennurunum að ná yfir fleiri markmið aðalnámsskrár í kennsluáætlunum og verkefnum en ella. Nú þegar eru uppi hugmyndir að verkefnum til að vinna að í framtíðinni hjá þeim kennurum sem ekki voru með í þetta sinn þannig að ætla má að verkefnið hafi smitað frá sér út í skólasamfélagið. Áhugi nemenda á verkefninu var einnig mikill. Í heild má segja að styrkar stoðir umhverfismenntar við skólann hafi enn eflst og þekking starfsfólks og nemenda á þáttum sem tengjast sjálfbærni hafi aukist.

Ef verkefni Síðuskóla er borið saman við gæðaviðmiðin eins og þau birtast í töflunni hér fyrir framan má segja að árangur hafi náðst í öllum flokkunum þremur en þó mismikill. Flest verkefni féllu undir einhvern þátt í flokknum um gæði náms og kennslu. En skólinn efldi einnig tengsl og samstarf við grenndarsamfélagið og kom áherslum sjálfbærrar þróunar á framfæri þar. Til frekari glöggvunar á því fara hér á eftir lýsingar á tveimur undirverkefnum sem unnin voru. Bæði þessi verkefni eru dæmi um tengsl skólans við samfélagið.

Göngum í skólann

Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni sem er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla. Allir nemendur Síðuskóla hafa tekið þátt í þessu verkefni nokkur undanfarin ár og svo var einnig haustið 2008. Markmið verkefnisins í heild er að auka hreyfingu og draga úr mengun, slyshættu og umferð og tengist því þannig umhverfisstöðinni. Núna voru markmiðin víkkuð út til að hægt væri að tengja þau betur efnahagsstöðinni og félagslegri velferð og jöfnuði.

Nemendur notuðu kort úr landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar á vefnum til að skoða og mæla gönguleiðina heim til sín og einnig leiðina sem aka þarf ef farið er í skólann með bíl. Eldri nemendur aðstoðuðu yngri nemendur við þessa vinnu. Reynt var að finna út hvað það myndi kosta að keyra alla nemendur í skólann og tengja verkefnið þannig við efnahagsstöðina. Samvera barnanna á leiðinni í og úr skóla var einnig könnuð. Skoðað var

hve margir nemendur komu einir í skólann, komu ekki við hjá neinum eða hittu ekki vin eða bekkjarfélagi á fyrirfram ákveðnum stað til að verða þeim samferða. Þannig fengust upplýsingar um félagsleg samskipti og tengdu verkefnið við félagslega velferð.

Endurnýting á fötum

Nemendur í 8.–10. bekk í valfaginu handmennt og hönnun fóru í heimsókn til Rauða krossins á Akureyri og fengu kynningu á starfsemi en auk þess fengu þeir að velja sér föt til að taka með sér og þurftu ekki að greiða fyrir þau. Í næstu kennslustundum unnu þeir svo með þennan efnivið. Nemendur saumuðu sér kjóla úr stórum pilsum og pils úr blússum. Þeir minnkuðu skyrtur svo úr urðu passlegar flíkur, bjuggu til töskur úr buxum og útbjuggu hárbönd, pennaveski o.fl. Einnig komu nemendur með föt heiman að frá sér, t.d. gallabuxur, og gerðu sér pils, pennaveski, töskur o.fl. Það er mat kennarans að nemendurnir hafi lært með þessum hætti að nýta hluti og séu líklegri til að nota fatasöfnun Rauða krossins framvegis, bæði til að gefa fatnað og kaupa notuð föt. Samkomulag tókst milli textílmenntarkennarans og Akureyrardeildar Rauða krossins þess efnis að nemendur muni veturinn 2009–2010 sauma flíkur og jafnvel þrjóna í ungbarnapakkana sem eru sendir til þróunar- og neyðaraðstoðar erlendis, einkum í Afríku.



Mynd 2 – Nemendur í 2. bekk í Varmárskóla í útikennslu veturinn 2008–2009.

Varmárskóli

Verkefni Varmárskóla fékk nafnið *Bærinn okkar – betri bær og allir með*. Í verkefninu er lögð mikil áhersla á útinám og tengsl skólans við nærumhverfið. Heildarverkefni Varmárskóla skiptist upp í eftirtalin undirverkefni: *Útikennsla – lykill að skólaþróun, Umhverfi og útvíst, Vatn, heilbrigði og nýting auðlindar, Samstarf innan skólans og Samstarf við grenndarsamfélagið*.

Skipulagning útikennslu og aukið útinám í skólastarfinu er leið skólans að breyttri nálgun að námi og kennslu. Komið var upp útikennslustofu skammt frá skólanum á framtíðar

Útikennslusvæði hans í samstarfi við Mosfellsbæ og ráðstafanir gerðar til að aðstoða kennara við að taka upp slíka kennslu. Um þetta segir í lokaskýrslu skólans:

... heimilisfræði- og útikennslukennari við Varmárskóla fékk svigrúm í stundatöflu til að taka á móti hópum í útistofunni og styðja og styrkja kennara að nota umhverfið meira í námi nemenda. Ákveðið var að hafa tvo tilraunabekki sem færu alltaf út a.m.k. einu sinni í viku að vinna fjölbreytt verkefni og voru þeir úti allt árið um kring. Aðrir bekkir fóru reglulega út, hvort sem er eingöngu með bekkjarkennara/fagkennara eða í samstarfi við útikennslukennarann (Varmárskóli, 2009).

Um reynsluna af útinámi segir þetta í sömu heimild:

Í fyrsta lagi þarf að leggja grunn að útináminu, í öðru lagi þarf útinámið sjálft að vera vel skipulagt og loks þurfa nemendur tækifæri til að vinna úr gögnum sem þeir afla á vettvangi.

Tengsl skólans við nærsamfélagið er annað meginþema verkefnisins *Bærinn okkar – betri bær og allir með*, þar sem lögð er áhersla á samstarf við nefndir, embættismenn og starfsmenn sveitarfélagsins, félagasamtök og foreldra, félagsmiðstöð og lögreglu. Þessi tengsl Varmárskóla hafa leitt til aukinnar virkni nemenda í umhverfinu, samstarfs við marga aðila og þátttöku þeirra í verkefnum skólans. Þetta birtist í eftirtöldum þáttum: Samráði, setu utanaðkomandi fulltrúa í skólaráði og í nefndum innan skólans, ráðgjöf, nýtingu sérþekkingar, aðstoð við að hrinda málum í framkvæmd, leiðsögn, kynnum af atvinnu- og menningarlífi, miðlun reynslu til annarra skóla og til samfélagsins. Fjölbætt og mikilvæg reynsla fékkst af þessu starfi og sér skólinn verulega möguleika í aukinni samvinnu við nærsamfélagið sem geti opnað leiðir fyrir lýðræðislega þátttöku nemenda í samfélaginu (Varmárskóli, 2009).

Sérstakur ábyrgðar- og skipulagshópur hefur umsjón með verkefninu, mótar það og hefur frumkvæði. Hann skipa annar skólastjóra Varmárskóla og 11 kennarar á yngri stigi. Starf hans hefur einkennst af góðum starfsanda og samvinnu, vinnuferðum, hugmyndavinnu, mikilli þátttöku á námskeiðsdögum GETU-hópsins og samstarfi inná við og út á við. Ljóst er að þátttaka skólastjóra hefur mikla þýðingu fyrir starf hópsins. Starfið hefur verið öflugt og þjónað framgangi verkefnisins vel.

Áherslupættir þróunarverkefnisins eins og lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og virkni nemenda, virðing og ábyrgð eru samofnir þessum verkefnum og einstökum viðfangsefnum innan þeirra. Í þeim er skólinn oft að laga eldri viðfangsefni námsgreina að nýjum áherslum og nálgunum varðandi útinám og sjálfbærni. Nálgun skólans í þróunarverkefninu er heildstæð í þeim skilningi að verkefnið tekur til skólastarfsins í heild.

Tjarnarsel

Verkefni leikskólans Tjarnarsels fékk heitið *Vettvangsferðir í nýju ljósi*. Það byggir á mikilli reynslu leikskólans af vettvangsferðum og útinámi en áherslur eru endurskoðaðar í nýju ljósi menntunar til sjálfbærni. Tjarnarsel er Grænfánaskóli og hefur byggt upp umhverfismennt með þátttöku barnanna við nýtingu lífræns úrgangs, moltugerð og ræktun matjurta á skólalóðinni auk annarra viðfangsefna. Verkefni Tjarnarsels samanstendur af eftirtöldum undirverkefnum: *Vettvangsferðir*, *Börn og umhverfi*, *Hvetjandi lestrar- og skriftarumhverfi* og *Móðurskóli táknaþáttar*. Önnur viðfangsefni tengjast þessum verkefnum og varða nálgun að námi og kennslu, áherslur á lýðræði, jafnrétti vegna fötlunar, þátttöku og aðgerðir/úrlausnir, stefnumótun og stjórnun.



Mynd 3 – Nemendur Tjarnarsels í vettvangsferð í nóvember 2009.

Hér verður einkum fjallað um eftirtalda undirþætti verkefnisins: *Vettvangsferðir* og *Börn og umhverfi* og athuguð tengsl skólans við grenndarsamfélagið. Þessi tvö verkefni tengjast náið innbyrðis en einnig öðrum verkefnum og viðfangsefnum sem unnin voru í samstarfinu við GETU-hópinn.

Vettvangsferðir eru fastur liður í skipulagi skólastarfs í Tjarnarseli og eru farnar reglulega með elsta nemendahópnum. Þær eru því dæmi um stefnumörkun og skipulag sem styrkir áherslur skólans á útinám og þá möguleika sem það skapar. Vettvangsferðirnar eru ekki bundnar við eitt ákveðið útikennslusvæði heldur er víða farið bæði á vettvang náttúru, manngerðs umhverfis og samfélags. Í mörg ár hefur verið safnað upplýsingum um ákveðin svæði og því orðið til vitneskja um þróun þeirra og breytingar. Þannig kynnast elstu leikskólabörnin mörgum svæðum og stöðum innan bæjarfélagsins og breytingum sem verða, m.a. á umgengni og sjá hvar eitthvað fer úrskeiðis. Þau safna upplýsingum, t.d. með því að taka myndir. Í verkefninu funduðu börnin með bæjarstjóra Reykjanesbæjar um skemmdir á gangstétt sem hætta gat stafað af. Hann kom upplýsingum þeirra til réttara aðila og fylgdust þau síðan með lagfæringum sem þau höfðu haft áhrif á að gerðar væru. Þau vakta því umhverfið og sérstaklega vakta þau ákveðið skógarsvæði.

Í tengslum við vettvangsferðir eru valin svæði sem henta til undirbúnings lestrar- og skriftarnáms og leitað hugmynda barnanna um notkun þeirra og þær skráðar á staðnum. Börnin hitta fulltrúa félaga, stofnana, fyrirtækja og hópa í samfélaginu í vettvangsferðum, kynnast starfi þeirra og ræða málin. Þau hafa einnig annast leiðsögn gesta Tjarnarsels bæði um bæinn og um leikskólann. Vettvangsferðirnar fela einnig í sér útivist, samvinnu, sameiginleg úrlausnarefni, tillit og lýðræðislega teknar ákvarðanir og auðveldla þjálfun til þátttöku nemenda í sínu bæjarfélagi.

Samstarf skólans við nærsamfélagið byggir einnig á heimsóknnum utan frá. Umhverfisnefnd skólans sem í eru öll börn og leikskólakennarar elstu deildarinnar fundar reglulega um umhverfismál í leikskólanum og bæjarfélaginu. Til að ræða umhverfismál við börnin hafa mætt á fundina framkvæmdastjóri umhverfissviðs og formaður umhverfisnefndar

Reykjanesbæjar. Einnig eru fulltrúar hópa tíðir gestir og samstarf við fyrirtæki í reglulegum farvegi.

Ábyrgðar- og skipulagshópur um verkefni Tjarnarsels er skipaður leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Þetta reyndist öflugt teymi. Umhverfisnefnd skólans gegnir einnig mikilvægu samráðshlutverki. Athygli vekur hve markvisst var unnið með öðrum starfsmönnum að kynningu GETU-verkefnisins, þátttöku í umræðum um sjálfbæra þróun og viðhorfakönnun í þeirra hópi. Einnig var foreldrum kynnt verkefnið.

Í verkefni sínu *Vettvangsferðir í nýju ljósi* nær Tjarnarsel að móta vettvangsferðirnar í þágu allmargra þátta er varða menntun til sjálfbærni. Nálgun Tjarnarsels að menntun til sjálfbærni er heildstæð og nær til allra sviða skólastarfsins.

Niðurstöður og umræða

Tengsl við nærsamfélagið er áherslupáttur í hugmyndum um menntun til sjálfbærni sem miðar að því að skólar miðli ekki aðeins almennri þekkingu heldur taki virkan þátt í samfélaginu og verði virkir aðilar að þróun þess (Breiting o.fl., 2008). Síðuskóli tók upp samstarf við Rauða krossinn þar sem nemendur endurhönnuðu notaðan fatnað frá samtökunum til eigin nota og í ungbarnapakka í neyðaraðstoð erlendis. Í þessu dæmi leggja báðir mikið af mörkum og gera hugmynd að veruleika sameiginlega. Sami skóli bætti við áherslum í verkefni sitt *Göngum í skólann*. Nemendur gerðu kannanir, m.a. á gönguleiðum og venjum og á félagslegum samskiptum á leið í skólann; einnig mælingar á göngu- og akstursleiðum og útreikninga á kostnaði við akstur. Niðurstöðum var miðlað innan skólans, til heimila og til samfélagsins. Varmárskóli leitaði eftir samstarfi við bæjaryfirvöld um þátttöku í skipulagningu útivistarsvæðis sem jafnframt tengist útikennslusvæði skólans. Tengsl komust á sem geta skilað árangri í námstækifærum, sköpun og aukinni vitund um samfélagið. Tjarnarsel sannar að leikskólabörn geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Vettvangsferðum sem skólinn hefur þróað til margra ára voru gefin ný viðmið um söfnun upplýsinga um ástand umhverfisins og vöktun svæða sem skilað var til bæjarstjórans og umhverfissviðs bæjarins í heimsóknum. Þetta starf gagnaðist báðum aðilum og þjálfaði börnin í vinnubrögðum við aðgerðir sem þessar. Varmárskóli gerði brautskráningu nemenda að útihátíð á útikennslusvæði sínu og verðandi útivistarsvæði bæjarins með þátttöku fjölskyldna og gesta. Hátíðin varð sameiginlegt verkefni margra aðila, m.a. félagasamtaka sem önnuðust ýmis dagskráratriði. Útikennsluaðstaða skólans hefur einnig dregið til sín áhugasama gesti sem vilja kynnast því sem er að gerast í skólanum og hefur vakið athygli fjölmiðla.

Tengslin við nærsamfélagið í dæmunum hér að ofan verða að teljast alldjúp þar sem til verða ný viðfangsefni í samstarfi skólafólks og aðila í samfélaginu sem varða sjálfbærni og eru mörgum til gagns. Tengslin eru þó oft á öðru stigi. Mörg dæmi eru úr verkefnum skólanna um aðstoð við skólastarfið, ráðgjöf, miðlun sérfræðipækkingar, leiðsögn og tengsl við atvinnu- og menningarlíf. Slík tengsl geta skapað vitund og yfirsýn, verðmæta upplifun og umræður og hugsanlega leitt til dýpra samstarfs.

Tengsl skapast við samfélag og umhverfi þegar skólafólk velur viðfangsefni í nærsamfélaginu sem útgangsbúnaði í virkri námsvinnu sem gefur nemendum innsýn og færni til að takast á krefjandi viðfangsefni. Útinám er ríkur þáttur í þróunarverkefnum og er vinnulag sem ýtir undir tengsl við nærsamfélagið. Verkefni sýndu að skólafólkið skilur mikilvægi þess að útinám sé vel skipulagt, undirbúið í skólanum og nýtt til frekari námsvinnu.

Höfundar *Gæðaviðmiða skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar* leggja á ráðin og segja að skólar eigi m.a. eftirtalda möguleika með tengslum við samfélagið: Skólinn getur boðið sig fram sem virkan þátttakanda í þróun til sjálfbærni í umhverfi sínu. Hann getur boðið

aðstöðu sína og getu til stuðnings við nám og aðgerðir í nærsamfélaginu í anda sjálfbærrar þróunar. Skólinn geti þannig orðið þekkingarmiðstöð, boðið sérþekkingu og deilt ábyrgðinni á sjálfbærri þróun með öðrum stofnunum í samfélaginu. „Á þennan hátt verða kennarar og nemendur sýnilegri, öðlast viðurkenningu á sama tíma og nemendur öðlast reynslu sem samræmist framtíðarhlutverki þeirra sem virkra samfélagsþegna“ (Breiting o.fl., 2008).

Verkefni og reynsla skólafólksins í GETU-verkefninu sýnir mikla möguleika á samstarfi við nærsamfélagið sem opnar leiðir fyrir nemendur til lýðræðislegrar þátttöku í þróun þess. Því verður að teljast gagnlegt að huga vel að gæðum þeirra samskipta.

Aftanmálgrein

1. Verkefnið *GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða* nýtur rannsóknarstyrks frá Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur. Gefnar hafa verið út skýrslur um verkefni GETU og rit um menntun til sjálfbærni. Auk höfunda þessarar greinar eru í rannsóknarhópi GETU: Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Caitlin Wilson, Erla Kristjánsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristín Norðdahl, Steinunn Geirdal, Svanborg Rannveig Jónsdóttir, Þóra Bryndís Þórisdóttir og Þórunn Reykdal. Framsetning efnis og sjónarmið sem fram koma í greininni eru á ábyrgð höfunda.

Heimildir

Breiting, S., Mayer, M. og Mogensen, F. (2008). *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar: Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar þróunar* (Stefán Bergmann og Erla Kristjánsdóttir þýddu). Reykjavík: GETA. (Upphaflega gefið út 2006). Sótt 15. október 2010 af http://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/gaedavidmid_-_300408.pdf

Fullan, M. (2001). *The New Meaning of Educational Change* (3. útgáfa). New York and London: Teachers College, Columbia University.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristín Norðdahl, Auður Pálsdóttir, Björg Pétursdóttir, Eygló Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir o.fl. (2008). *Andi sjálfbærrar þróunar í námskrám og menntastefnu – náum honum til jarðar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands. Sótt 14. desember 2010 af http://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/p4_300408.pdf

Læsse, J., Schnack, K., Breiting, S. og Rolls, S. (2009). *Climate change and sustainable development. The response from education. A cross national report from International Alliance of Leading Education Institutes*. Sótt 14. desember 2010 af <http://dpu.dk/RPENE>

Stefán Bergmann, Erla Kristjánsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Kristín Norðdahl, Þórunn Reykdal og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). *Menntun til sjálfbærrar þróunar: Af reynslu átta íslenskra skóla 2008–2009*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 29. október 2010 af http://skrif.hi.is/geta/files/2008/05/reynsla_islenskra_skola.pdf

UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization). (e.d.). *United Nations decade of education for sustainable development*. Sótt 27. október 2010 af <http://unesco.org/en/esd>

Umhverfisráðuneytið. (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. Reykjavík: Höfundur.

Umhverfisráðuneytið. (2007). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006–2009*. Reykjavík: Höfundur.

Menntun til sjálfbærni og samstarf skóla og samfélags:
Reynsla af þremur verkefnum skóla

Varmárskóli. (2009). *Bærinn okkar – betri bær og allir með. Þróunarverkefni um útinám, mótun útikennslusvæðis við Varmárskóla og áherslur á umhverfi og menntun til sjálfbærrar þróunar í starfi skólans. 2008–2009. Lokaskýrsla*. Sótt 31. október 2010 af http://skrif.hi.is/geta/files/2009/06/varmarskoli_samatekt_juni2009.pdf



Eygló Björnsdóttir og Stefán Bergmann. (2010).
Menntun til sjálfbærni og samstarf skóla og samfélags: Reynsla af þremur verkefnum skóla.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/009.pdf>